Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 05.12. 2014. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir (fjarveranda), Tómas Gísli Guðjónsson (fjarverandi), Hilmar A Sigurðsson, Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Kiddi og Eyþór.

Dagskrá

1. **Húsnæðispælingar**
   a) Sagt frá að húsnæði að Fléttuvöllum sé nánast tilbúið til afhendingar. Beðið er eftir því að fá teikningar samþykktar. Kennslustofurnar eru aðlaðandi og hlýlegar en eftir fund var farið í vettvangsheimsókn í stofurnar.
   b) Unnið er að lagfæringum á leka í húsinu.
   c) Farið var yfir hugmyndir að breytingum á skólahúsnæði Hraunvallaskóla til að koma fleiri nemendum fyrir í aðalbyggingu. Lagt er upp með að breytingarnar styðji við hugmyndafræði skólans og bæti starfsaðstöðu nemenda og kennara. Gangi breytingarnar eftir eiga um 800 nemendur að rúmast í aðalbyggingu og um 70 í lausum kennslustofum. Þannig geta um 870 nemendur rúmast í Hraunvallaskóla skólaárið 2015-16 og húsnæðisvandi skólans leystur eitt ár í viðbót. Ekki liggur fyrir hvernig leysa eigi skólaárið 2016-17 en þá má búast við áframhaldandi fjölgun nemenda.
2. **Þráðlaust net fyrir nemendur (BH nemendur)**
   a) Sagt frá að búið sé að opna fyrir þráðlaust net fyrir nemendur. Búið er að kynna breytingar fyrir foreldrum gegnum mentor, heimasíðu og Brosið. Nemendur eru að sjálfsögðu vel upplýstir um málið.
3. **Símenntunaráætlun**
   a) Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2014-15 var kynnt. Hana má finna í starfsáætlun skólans sem er á heimasíðu.
4. **Mats-, þróunar og umbótaáætlun**
   a) Mats-, þróunar og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2014-15 kynnt. Hana má finna í starfsáætlun skólans sem er á heimasíðu.
5. **Strætóferðir nemenda**
   a) Fulltrúi kennara tók upp málið sem snýst um að skólar mega ekki nýta sér þjónustu strætó fyrir kl. 9.00, jafnvel þótt bara sé verið að fara innanbæjar. Skólaráð fannst brýnt að bregðast við þessu og athuga hvort ekki megi bæta úr þessu. Skólastjóri mun taka málið upp á skólastjórafundi.
6. **Önnur mál**
   a) Fulltrúar nemenda lögðu fram ályktun um matarmál í Hraunvallaskóla. Skólaráð tók undir ályktunina og mun beita sér til að koma á umbótum til að bæta matseðilinn, salatbar og fjölgja þannig nemendum í áskrift. Ályktunina má sjá hér:

Ályktun um matarmál í Hraunvallaskóla

Strákahópur 1- Leiðtogahæfni

Við skorum á skólayfirvöld í Hraunvallaskóla að endurskoða skipulag á matarmálum í skólanum.

Við viljum að nemendur fái meira val um máltíðir í skólanum og að hægt verði að vera í mat suma daga en ekki alla og jafnvel að hægt verði að velja um eitthvað tvennt. Við viljum betri, hollari og fjölbreyttari mat t.d. egg og kalt pasta í salatbarnum auk meira úrvals ávaxta og grænmetis. Við viljum sjá fjölbreyttari morgunmat. Við teljum ekki sanngjarnt að þeir sem aldrei eru í mat þurfti að vera umsjónarmenn. Við viljum vita af hverju ekki má drekka mjólk. Einnig finnst okkur að nemendur eigi að fá meira val um matseðilinn.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland